

**EFTIRLITSSKÝRSLA**  
**Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík**



<b>Dags eftirlits</b>	27.3.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Malbikunarstöðin Höfði	<b>Fulltrúi UST</b>	Bergþóra H. Skúladóttir
<b>Heimili</b>	Sævarhöfði 6 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4201871499	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Torfason	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	362038,627 405923,675

### Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit fundust fjögur frávik frá kröfum í starfsleyfi. Fimm athugasemdir voru gerðar við malbikunarstöðina.

### Umfang eftirlits

Umhverfisstofnun hefur tekið við eftirliti í malbikunarstöðinni. Fulltrúar stofnunarinnar voru í sinni fyrstu heimsókn (eftirliti) í fyrirtækinu. Sest var yfir kröfur í starfsleyfi með fulltrúum malbikunarstöðvarinnar. Tengiliður fyrirtækisins við Umhverfisstofnun er Halldór Torfason framkvæmdastjóri. Starfsleyfið gerir kröfur um eftirfarandi skil á gögnum.

- Árlegu grænu bókhaldi (grein 1.7)
- Áætlun vegna eðlilegs reksturs og viðhalds rykhreinsibúnaðar (grein 2.3)
- Viðbragðsáætlun vegna óhagstæðra veðurskilyrða (grein 2.5)
- Árlegar niðurstöður mælinga á ryki í útblásturslofti í skorsteini (grein 3.2)

Gögn sem skulu vera aðgengileg eftirlitsaðila eru:

- Niðurstöður mælinga á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar (grein 2.6)
- Niðurstöður botnþykktarmælinga á olíugeymum stöðvarinnar (grein 2.7)
- Niðurstöður þrýstiprófana á olíulögnum stöðvarinnar (grein 2.7)
- Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (grein 3.3)
- Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa (grein 2.11)
- Umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins (grein 4.2)

Á fundinum voru afhent eftirtalin gögn:

- Sýnishorn af niðurstöðum síbmælinga (SINTROL mælir) á ryki í útblæstri ViaNova og Benninghoven stöðva félagsins. Ryk er að mælast um 20 mg/m<sup>3</sup> samkvæmt þeim niðurstöðum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands mældi síðast ryk í útblæstri ViaNova stöðvarinnar þann 24. ágúst 2010 til þess að sannreyna niðurstöður SINTROL mælisins. Þá bar niðurstöðum mælinga vel saman. Rétt væri að sannreyna þetta með mælingum óháðs aðila nú í upphafi sumarvertíðar.
- Niðurstöður hljóðmælinga á lóð félagsins frá 1. september 2008 framkvæmdar af Línuhönnun verkfræðistofu. Félagið þarf að finna hávaðauppsprettur í starfsemi og huga að því að nota skermun eða aðra hljóðdeyfingu sem við verður komið. Hæstu gildi eru að mælast nálægt mælistað 3a og 3b (lóðarmörk við Malarhöfða 8).
- Upplýsingarit um gæðakerfi félagsins
- Upplýsingarit um öryggis- og heilbrigðisstefnu félagsins
- Upplýsinga- og öryggisblað um meðferð asfalts (öryggisleiðbeiningar)
- Ýmis efnalýsingablöð um efni og efnablöndur sem félagið notar við starfsemi sína.

Áætlun vegna eðlilegs reksturs og viðhalds rykhreinsibúnaðar frá skorsteinum fyrirtækisins liggja fyrir í drögum. Áætlað er að ljúka vinnu við áætlunina og senda Umhverfisstofnun til

yfirlestrar. Sama gildir um viðbragðsáætlun vegna óhagstæðra veðurskilyrða. Rekstraraðili mun ljúka vinnu við gerð áætlunarinnar og senda Umhverfisstofnun, enda skal stofnunin yfirfara og samþykkja hana.

Viðbragðsáætlun til að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa verða einnig sendar Umhverfisstofnun þegar þær liggja fyrir.

Kröfur í reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi ná til olíumannvirkja eins og er að finna í malbikunarstöð. Kröfur um botnþykktarmælingar olíugeyma á 10 ára fresti, þrýstiprófana á olíulögnum á 5 ára fresti og kröfur um hreinsun frárennslis þannig að olíuleifar séu minna en 15 mg/kg (ppm) í affalli til sjávar. 3600 m<sup>3</sup> asfaltgeymir var botnþykktarmældur í desember 2002 en aðrar mælingar á botnþykkt og neðsta umfari liggja ekki fyrir. Þrýstiprófa þarf olíulagnir enda hafa þær ekki verið þrýstiprófaðar á síðustu 5 árum. Mæla þarf olíuleifar í frárennslis frá olíuskiljum.

Malbikunarstöð Höfða vinnur að gerð gæðakerfis og umhverfisstjórnunarkerfis sem áætlað er að verði vottuð.

Farið var um lóð fyrirtækisins, um hráefnadeildina sem m.a. samanstendur af grjótmulningsstöð og efnahaugum, um framleiðsludeildina sem er m.a. aðstaða til skömmunar á mismunandi hráefnum, færíbönd og malbikunarstöðvarnar tvær, ViaNova og Benninghoven ásamt hreinsibúnaði þeirra. Gamall niðurgrafinn hráolíugeymir er við ViaNova stöðina og þarf að sannreyna að geymir og lagnir sem honum tengist uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 35/1994. Tveir ofanjarðargeymar eru í stöðinni og þarf að bæta árekstrarvarnir við þá.

Fyrirtækið er með vélsóp í notkun við að sópa plön og akstursleiðir.

Farið var yfir kröfur REACH reglugerðarinnar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni. Eftirlitsaðili kallaði eftir fullu skráningarnúmeri fyrir eftirfarandi efni og afhenti staðlað bréf til að senda á birgja:

- Bitumen, CAS nr. 8052-42-4
  - Wetfix BE (Fatty acids, C18 unsaturated, reaction product with ammonia-ethanolamine reaction by-products), CAS nr. 1224966-15-7
  - Fiskiolía, JS\_Fatty acids, essential, Ethyl esters
- Nú hefur Malbikunarstöðin Höfði hf. fengið öll skráningarnúmer afhent frá sínum birgjum og Umhverfisstofnun staðfest að þau eru gild. Umhverfisstofnun mun senda Malbikunarstöðinni Höfða hf. bréf þar sem niðurstöðum REACH eftirlitsins eru skýrð nánar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Botnþykktarmælingar olíugeyma	Krafa er í starfsleyfi, grein 2.7, um að uppfylla skuli ákvæði um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sbr. rg. 35/1994. Botnþykktarmæla skal olíugeyma félagsins.
Þrýstiprófanir á olíulögnum	Krafa er í starfsleyfi, grein 2.7, um að uppfylla skuli ákvæði um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sbr. rg. 35/1994. Þrýstiprófa skal olíulagnir félagsins.
Mæling á olíuleifum í fráveitu	Krafa er í starfsleyfi, grein 2.7, um að uppfylla skuli ákvæði um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sbr. rg. 35/1994.

Mæla skal olíuleifar í frárennsli aftan (neðan) olíuskilju.

Árekstravarnir við olíugeyma

Krafa er í starfsleyfi, grein 2.7, um að uppfylla skuli ákvæði um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sbr. rg. 35/1994. Setja þarf upp árekstravarnir við olíugeyma á lóð félagsins.

### **Athugasemdir**

**Athugasemd 1:** Viðbragðsáætlun til að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa

Ljúka skal gerð þessara viðbragðsáætlana og senda Umhverfisstofnun.

**Athugasemd 2:** Áætlun vegna eðlilegs reksturs og viðhalds rykhreinsibúnaðar

Senda skal uppfærða áætlun til Umhverfisstofnunar

**Athugasemd 3:** Viðbragðsáætlun vegna óhagstæðra veðurskilyrða

Senda skal uppfærða áætlun til Umhverfisstofnunar til samþykktar.


**Athugasemd 4:** Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi

Taka skal í notkun umhverfisstjórnunarkerfi t.d. ÍST EN 14001:1996 eða taka þátt í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

**Athugasemd 5:** Skráning bitumens í innfluttu malbiki

Vakin er athygli á því að ef samanlagt magn bitumens í innfluttu, tilbúnu malbiki fer yfir 1 tonn á ári þá er skylt að skrá það skv. ákvæðum REACH.

Reykjavík, 23.04.2012



undirskrift eftirlitsaðila

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum. \*

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.